

Stefnumótun Mosfellsbæjar um friðlýst svæði

Í Mosfellsbæ eru í dag eru fjögur friðlýst svæði; friðland við Varmárósa, Tungufoss í Köldukvísl (náttúruvætti) og Álafoss í Varmá (náttúruvætti), auk nýstofnaðs fólkvangs í Bringum.

Stefnumótun um framtíðarsýn þessara svæða hefur ekki verið til staðar, en slíkt er æskilegt til að tryggja ástand og aðgengi svæðanna, auk þess að tryggja að komandi kynslóðir hafi óskertan aðgang að ósnortinni náttúru. Stefnumótun er langtímaáætlun um þróun svæðanna með það að markmiði að ná fyrirfram settum markmiðum.

Lagðar eru fram hugmyndir að stefnumótun þessara svæða til næstu 5 ára.

Ósnortin náttúra er auðlind sem á heimsvísu fer þverrandi, þess vegna er mikilvægt að skýr markmið séu um stefnumótun friðlýstra svæða í Mosfellsbæ til að tryggja gott ástand svæðanna, koma í veg fyrir rask þeirra og vernda náttúrulegt gildi þeirra um ókomna tíð, en um leið auka aðgengi þeirra og sýnileika í sveitarfélaginu.



Friðland við Varmárósa

Almennar upplýsingar:

Varmárósar voru fyrst friðlýstir sem friðland árið 1980 vegna fitjasefs (*Juncus gerardii*) sem finnst aðeins á einum öðrum stað á landinu.

Friðlýsing var endurskoðuð árið 2012 þar sem afmörkun svæðis var lagfærð.

Fræðsluskilti um friðlandið og friðlýsingu fitjasefs var sett upp við vesturmörk svæðisins árið 2012.

Til staðar er umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar um að bæjaryfirvöld sjái um daglegan rekstur svæðisins þótt stjórnábyrgð svæðisins sé ennþá hjá

Umhverfisstofnun. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægji rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rými ekki, bregðist við raski o.s.frv. Aðgengi að svæðinu er ágætt.

Markmið:

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi (*Juncus gerardii*) og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis Varmárósa ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er. Friðlýsingin á einnig að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins og treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi þess.

Stefnumótun:

Aðkoma:

Tryggja þarf almennt viðhald malarvegar fyrir fólksbíla.

Koma þarf í veg fyrir akstur á tanga Hestaþinghóls, innan friðlandsins.

Merkingar:

Setja þarf upp betri merkingar, vegvísi, um friðland við hesthúsahverfi.

Aðgengi:

Bæta þarf bílastæði við fræðsluskilti.

Gönguleiðir:

Skoða hvort ástæða sé til að stika gönguleiðir innan svæðis til að skoða fitjasef.

Reiðleiðir:

Engar reiðleiðir eru heimilar innan svæðisins.

Hreinsun:

Nauðsynlegt að hreinsa svæðið þegar ástæða er til.


Umhirða:

Fjarlægja þarf ágengar tegundir og aðkomuþlöntur.

Áningastaðir: Setja þarf upp nestisbekki við fræðsluskilti að vestanverðu.

Fræðsla: Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu Mosfellsbæjar.





nr	X	Y
1	368387,71	411152,85
2	368387,61	410939,98
3	368438,13	410924,04
4	368456,73	410913,27
5	368574,18	410820,47
6	368601,62	410764,87
7	368698,30	410722,27
8	368714,34	410727,95
9	368731,50	410722,81
10	368897,85	410917,40
11	368868,10	410961,30
12	368776,05	410958,51
13	368686,88	410970,42
14	368619,94	410982,59
15	368516,75	411050,06
16	368489,24	411106,68
17	368447,12	411149,13



Tungufoss

Almennar upplýsingar:

Tungufoss var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2013. Fossinn er í Köldukvísl neðan Vesturlandsvegur og Leirvogstungu, innan skipulags Ævintýragarðs Mosfellsbæjar. Til staðar er umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar um að bæjaryfirvöld sjái um daglegan rekstur svæðisins þótt stjórnarsýsluleg ábyrgð svæðisins sé ennþá hjá Umhverfisstofnun. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægji rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski o.s.frv. Eldra fræðsluskilti frá Mosfellsbæ um svæðið er norðan við fossinn, við reiðstíg. Fræðsluskilti frá Umhverfisstofnun um náttúruvættið ekki enn komið.

Aðgengi að fossi ekki gott, reiðstígur að norðanverðu og mólendi að sunnanverðu innan Ævintýragarðs. Ástand svæðis gott, helstu ógnir eru nábýli við þéttbýli og fráveitu frá nálægri byggð. Vatnavextir og leysingar geta haft áhrif á svæðið.

Markmið:

Markmiðið með friðlýsingu Tungufoss sem náttúruvættis er að vernda fossinn sjálfan sem og menningarminjar innan þess. Svæðið hefur mikið útivistargildi enda fjölsótt bæði af bæjarbúum og öðrum gestum og mikilvægt að treysta útivistar- og fræðslugildi þess.

Stefnumótun:

Aðkoma:

Huga þarf að aðgengi að norðanverðu frá Leirvogstungu, t.d. frá Kvíslartungu.

Merkingar:

Setja þarf upp betri merkingar, vegvísi, í Ævintýragarði um friðlýsingu.

Setja þarf upp fræðsluskilti við fossinn að sunnanverðu.

Gönguleiðir:

Leggja þarf göngustíg að fossi að sunnanverðu, frá Ævintýragarði.

Reiðleiðir:

Skoða þarf hvort ástæða sé að leggja reiðleið að fossinum að sunnanverðu og aðhald fyrir hesta.

Hreinsun:

Hreinsa þarf svæðið árlega í upphafi sumars.

Umhirða:

Fjarlægja þarf ágengar tegundir og aðkomuþlöntur.

Áningastaðir:

Setja þarf upp nestisbekki við foss að sunnanverðu, innan Ævintýragarðs.

Fræðsla:

Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu Mosfellsbæjar.



	x	y
1	369610.278	411126.472
2	369632.804	411089.479
3	369683.245	411116.727
4	369707.300	411135.339
5	369716.606	411147.630
6	369718.362	411160.974
7	369725.210	411172.036
8	369734.516	411181.517
9	369742.944	411201.939
10	369735.311	411236.625
11	369749.777	411252.745
12	369754.944	411282.505
13	369714.851	411297.612
14	369684.264	411253.985

0 20 40 60 80 100 Metrar



Álafoss

Almennar upplýsingar:

Álafoss var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2013. Fossinn er í Varmá við Álafosskvos. Varmá er á náttúruminjaskrá frá upptökum til ósa. Álanesskógur er allur innan friðaðs svæðis.

Til staðar er umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar um að bæjaryfirvöld sjái um daglegan rekstur svæðisins þótt stjórnarsýsluleg ábyrgð svæðisins sé ennþá hjá Umhverfisstofnun. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægji rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski o.s.frv. Eldra fræðsluskilti frá Mosfellsbæ um svæðið er staðsett ofan við fossinn. Fræðsluskilti frá Umhverfisstofnun um náttúruvættið ekki enn komið.

Stígar og slóðar veita ágætis útsýni yfir fossinn, en bæta mætti stíg meðfram fossi. Almennur göngustígur ofan foss meðfram Varmá innan friðlýsta svæðisins.

Ástand svæðis gott, helstu ógnir eru nábyli við þéttbýli og fráveitu frá nálægri byggð. Vatnavextir og leysingar geta haft áhrif á svæðið.

Markmið:

Markmiðið með friðlýsingu Álafoss sem náttúruvættis er að vernda fossinn sjálfan, nánasta umhverfi hans sem og menningarminjar sem tengjast sögu og þróun Mosfellsbæjar. Svæðið er fjölsótt, bæði af bæjarbúum og öðrum gestum og mikilvægt að treysta útivistar- og fræðslugildi þess.

Stefnumótun:

Aðkoma:

Bæta má bílastæði ofan við fossinn.

Bæta má aðgengi að svæði að sunnanverðu, gera snyrtilegri.

Merkingar:

Setja þarf upp fræðsluskilti um friðlýsta svæðið, við fossinn, að ofan eða neðan.

Huga þarf að lýsingu fossins þegar skyggja tekur (er nú gert af íbúa á svæðinu).

Gönguleiðir:

Setja göngubrú yfir Varmá frá Álafosskvos.

Setja göngustíg meðfram Álafossi að sunnanverðu, í samráði við landeigendur.

Viðhalda þarf göngustíg í gegnum Álanesskóg.

Hreinsun:

Hreinsa þarf svæðið árlega í upphafi sumars, í vorhreinsun Mosfellsbæjar.

Umhirða:

Fjarlægja þarf rusl úr Varmá.

Áningastaðir:

Setja þarf upp bekkir við Varmá og áningastaði í rjóðri Álanesskógar.

Fræðsla: Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu Mosfellsbæjar.



	x	y
1	369964.335	409836.105
2	369887.710	409869.563
3	369855.761	409909.491
4	369847.014	409919.063
5	369821.177	409895.452
6	369888.948	409821.290
7	369895.210	409827.003
8	369901.061	409820.601
9	369936.779	409756.340
10	369981.639	409683.256
11	369991.657	409691.366
12	370001.002	409708.291
13	370011.428	409717.253
14	370008.725	409763.456
14	370004.251	409789.594

0 20 40 60 80 100 Metrar

Fólkvangur í Bringum

Almennar upplýsingar:

Jörðin Bringur, efst í Mosfellsdal, norðan Köldukvíslar og Helgufoss, undir Grímannsfelli var friðlýst sem fólkvangur árið 2014.

Svæðið er í eigu Ríkissjóðs Íslands, umráðaaðili Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði. Til staðar er umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar um að bæjaryfirvöld sjái um daglegan rekstur svæðisins þótt stjórnýsluleg ábyrgð svæðisins sé ennþá hjá Umhverfisstofnun. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægji rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski o.s.frv. Eldri fræðsluskilti frá Mosfellsbæ á svæðinu eru við bílastæði við norðurmörk svæðisins . og neðan við Helgufoss.

Fræðsluskilti um fólkvanginn er ekki enn komið.

Aðgengi að svæðinu er um grófan malarlóða sem liggur í gegnum land Seljabrekku skv. sérstöku samkomulagi við landeiganda.

Við enda malarlóðaans er malarborið bílastæði fyrir 6-8 fólksbíla.

Markmið:

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda hluta jarðarinnar Bringna til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess sérstakar náttúru- og menningarminjar.

Stefnumótun:

Aðkoma:

Tryggja þarf almennt viðhald malarveggar fyrir fólksbíla og hefla veg eftir þörfum.

Merkingar:

Setja þarf upp betri merkingar, vegvísi, um fólkvang á gatnamót við Þingvallaveg.

Setja þarf upp fræðsluskilti með yfirlitsmynd við bílastæði.

Endurmeta síðar hvort ástæða sé til að merkja mannvistarleifar á svæðinu sérstaklega.

Aðgengi:

Bílastæði við fólkvang nægjanlegt, en endurmeta þarf reglulega nýtingarþörf.

Gönguleiðir:

Lagfæra/endurgera þarf núverandi göngustíg og brú frá bílastæði að Helgufossi.

Endurmeta síðar hvort ástæða sé til að útvíkka göngustígakerfi.

Reiðleiðir:

Æskilegt væri að merkja reiðleið í gegnum svæðið með tengingu við Mosfellsdal , að vestanverðu og Mosfellsheiði að norðanverðu.

Setja upp aðhald fyrir hross á afmörkuðu svæði norðan við Helgufoss.

Hreinsun:

Hreinsa þarf svæðið árlega í upphafi sumars.

Umhirða:

Fjarlægja þarf ágengar tegundir og aðkomuþlöntur.

Girðingar:

Fjarlægja þarf ónýtar girðingar af svæðinu.

Áningastaðir:

Setja þarf upp nestisbekki við bílastæði og við Helgufoss.

Fræðsla:

Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu Mosfellsbæjar.

Mosfellsbringur

Bringur

Kaldakvísl

Helgufoss



x	y	x	y		
1	376884.131	410997.167	13	376957.904	410463.161
2	376714.645	410668.268	14	376984.583	410459.157
3	376736.548	410545.201	15	377018.597	410499.147
4	376758.482	410561.260	16	377053.279	410445.810
5	376792.497	410575.941	17	377078.624	410462.493
6	376819.176	410598.631	18	377102.635	410472.503
7	376835.850	410581.947	19	377125.979	410468.499
8	376847.855	410566.598	20	377141.986	410472.503
9	376867.197	410552.584	21	377171.999	410490.521
10	376889.874	410540.572	22	377191.781	410494.480
11	376921.221	410493.191	23	377221.919	410823.101
12	376927.891	410475.840			



Fólkvangurinn Bringur



Mörk friðlýsingar



Flatarmál:	1.860.81 m ²
Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun
Hnattstaða:	ISN93
Kortagerð:	Guðni Hannesson LMÍ
Dags:	07-04-2014
Lofmynd:	Samsýn

Samþykkt á 165. umhverfisnefndar Mosfellsbæjar þann 26. nóvember 2015

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri

Bjarni Ásgeirsson, garðyrkjustjóri

Guðrún Birna Sigmarsdóttir, verkefnastjóri í garðyrkju